

From: Ingólfur Gissurarson <ingolfur.gissurarson@isavia.is>
Sent: þriðjudagur, 20. júní 2017 16:44
To: Samtök sv.félaga á hb.svæðinu
Cc: Björn Óli Hauksson; Jón Karl Ólafsson
Subject: Umsögn vegna Borgarlínu

Umsögn Isavia um tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er varðar Borgarlínu

Isavia fagnar fram kominni hugmynd að Borgarlínu eins og henni er lýst í tillögu að breytingu á Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Félagið telur hugmyndina að Borgarlínu í grunninn mjög góða og að hún falli vel að hugmyndafræði Reykjavíkurlugvallar hvað varðar flæði farþega milli samgöngumannvirkja.

Undanfarin ár hefur félagið unnið að stefnumótum þar sem m.a. hefur verið fjallað um samgöngur frá flugvöllum þess til þeirra kjarna sem farþegar eru að sækja til. Á Reykjavíkurlugvelli og reyndar á fleiri flugvöllum um landið hefur verið skoðað hvernig hægt er að mynda heildstætt flæði farþega milli staða því eins og allir vita þá eru farþegar ekki að ferðast til flugstöðva eða strætóskýla heldur til borga, bæja eða annarra áhugaverða staða. Því má segja að Borgarlínan falli algerlega inn í þessa hugmyndafræði. Allir farþegar (yfir 600.000 – 1.000.000) sem koma eða fara um Reykjavíkurlugvöll gætu nýtt sér þessa línu og því má segja að allt þetta sé „hluti af góðu ferðalagi“.

Isavia þykir miður að hafa ekki fengið tækifæri til að taka þátt í undirbúningi þessarar vinnu. Líóst er að ekki er gert ráð fyrir að flugvöllurinn verði enn í Vatnsmýri þegar Borgarlína verður byggð þar sem leið línunnar um svæðið er þar sem flugbraut 01/19 liggur, í raun eftir brautinni. Áður en áfram er haldið bendir Isavia á að nauðsynlegt er að hafa samráð við ríkið vegna þessarar leiðar en bendir á að hægt er að setja línuna frá Kópavogi annað hvort innar yfir Nauthólsvíkina eða notast bara við línuna um Kringlumýrabraut og leggja línu sunnanmegin við Fossvogskirkjugarð, meðfram Háskólanum í Reykjavík, fram hjá Hótel Natura og um hlíðarfót að BSÍ. Með þessari ráðstöfun er búið að tengja saman tvö samgöngukerfi sem gerir farþegum utan að landi og hér frá höfuðborginni að nota almenningssamgöngur í stað einkabílsins.

Með kveðju / Best regards,

Ingólfur Gissurarson

Flugvallastjóri / Airport Manager

Umdæmisstjóri / District Manager

Sími / Tel: 424 4000

Beint / Direct: 424 5353

Farsími / Mobile: 821 3695



Reykjavíkurlugvöllur

ingolfur.gissurarson@isavia.is

www.isavia.is